

Ferðafélag Akureyrar  
Strandgötu 23  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatni 19. júlí 2016  
UST201607-115/D.Ö.H.  
09.07.01

## Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Herðubreiðarfriðland

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Akureyrar (FFA) vegna framkvæmda Vegagerðarinnar, dags. 19. júlí 2016, um framkvæmdir til varnar náttúrufari innan Herðubreiðarfriðlands, miðvikudaginn 20. júlí n.k.

Herðubreið var friðlýst sem friðland með auglysingu nr. 272/1972, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um svæðið er allt jarðrask óheimilt án leyfis Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður hafa gert með sér umsjónarsamning vegna svæðisins. Þrátt fyrir umsjónarsamninginn þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum á svæðinu.

### Lýsing framkvæmdar

Vatnsstaða í Lindum innan Herðubreiðarfriðlandsins er um 30 cm hærri en vanaleg og bleyta er til vandræða sunnan Strýtu, á plani við Þorsteinsskála og norðan plansins þar sem fara þarf til þess að losa úr rotþró.

Sótt er um leyfi til þess að:

1. Klára að stífla útrennsli til austurs úr Álfavatni þar sem áður hafði verið hlaðin stífla af landvörðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða aðgerð sem mun skilja eftir sig ummerki en reynt verður að takmarka sjónræn áhrif eins og hægt er. Fara þarf með gröfu og notast við jarðveg sem er næst stíflunni. Með því að keyra gröfuna sem næst hrauninu væri hægt að raka yfir förin þannig að ekki bæri mikið á raski á eftir.
2. Fleyga rennu, ca. 40 cm. djúpa, 50 cm. breiða og um 2 m langa, í farveginn sem rennur ofan í hylinn sunnan bílastæðis. Þetta er hægt að gera með Þjónustubíl Vegagerðarinnar á Húsavík, keyra eftir hellunum að staðnum og sjónræn áhrif lítil sem engin. Þannig væri hægt að lækka vatnsstöðuna um ca. 40 cm. sunnan plansins.
3. Grafa grunna rennu (ca. 20 cm. djúpa og 30 cm. breiða með mjúkum fláa) með suðurkanti innkeyrslunnar að planinu og sunnan við planið og veita vatninu út í Lindá við sv horn bílastæðis. Þetta myndi vissulega sjást en svæðið er raskað og með snyrtilegum frágangi ætti þetta ekki að stinga í augu.
4. Keyra möl úr Jökulsá á planið og jafna.
5. Fylla í hjólför sem liggja út að snyrtungum (eftir holræsabilinn) og sjá til hvort ekki er nægur burður til að halda bílnum.
6. Keyra möl í veginn frá heimaánni að Strýtu. ( Fylla í skurðinn sem nú er um 30 cm. djúpur.
7. Keyra möl í hvörfin 2 sem eru sunnan Strýtu og nokkra polla til viðbótar.

## Áhrifamat

Umhverfisstofnun hefur metið framkvæmdina til bóta fyrir friðlandið enda er nauðsynlegt að bregðast við til þess að koma í veg fyrir tjón á náttúrufari og aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Landverðir hjá Vatnajökulsþjóðgarði hafa skoðað aðstæður og er það mat þeirra að grunnur drenskurður meðfram vegi að Þorsteinsskála sé lítið inngríp en afturkræft, og ætti að vera til mikilla bóta. Eins ætti fleygun í klöppina, til að veita vatni í ána, að fyrirbyggja mikið af þeim vandræðum sem hljótast af vatnsflauminum. Að vísu telst það liklega óafturkræf aðgerð, en hún er ekki umfangsmikil.

Vatnajökulsþjóðgarður mælir með því að gripið verði til aðgerða til verndar Herðubreiðalindum þar sem staðan sé sú að svæðið er viðkvæmara nú en áður gagnvart umferð ferðamanna og veruleg hætta á afleiddum, neikvæðum áhrifum.

Að mati Vatnajökulsþjóðgarðs er æskilegra að fá sjálfboðaliða til þess að lagfæra stífluna í stað stórvirkra tækja.

Jafnframt hefur formaður skálanefndar í Herðubreiðarlindum og Bræðrafelli óskað eftir því að farið verði í þessar framkvæmdir en leggur áherslu á að umhverfinu verði hlíft eins og mögulegt er og allt gert eins nett og frekast er unnt.


## Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leyti, leyfi til ofangreindra framkvæmda í Herðubreiðarfriðlandi að undanskildum lið 1 þar sem fjallað er um stíflugarð við Álfavatn. Vinnu við hann skal framhaldið með handaflí. Er sú ákvörðun í samræmi við álit þjóðgarðsvarðar Vatnajökulsþjóðgarðs á norðursvæði, Guðmundar Ögmundssonar.

Framkvæmdirnar eru að öðru leyti háðar eftirfarandi skilyrðum:

- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða frá ofangreindri lýsingu framkvæmda.
- Samráð skal haft við aðra hagsmunaaðila vegna framkvæmdanna s.s. FFA og Vatnajökulsþjóðgarð.
- Mikilvægt er að vanda mjög til verka þar sem fleygað verður í klöpp og að hafa rennuna sem náttúrulegasta, þ.e. að forðast beina farvegi þar sem því er við komið og gæta þess að vinnuvélar skemmi ekki yfirborð hrauns umhverfis þá staði sem unnið verður á. Tæki verða því að vera á gúmmibeltum eða -hjólum
- Afmá skal ummerki og rask eins og mögulegt er að framkvæmdum loknum.
- Landverðir Vatnajökulsþjóðgarðs fylgjast með framkvæmdum í reglubundnum ferðum sínum um svæðið.


Í ljósi þess að um er að ræða aðkallandi framkvæmdir til verndar náttúrufari Herðubreiðarfriðlands og þeirra þátta er koma fram í friðlysingarskilmálum auglýsingar um friðlandið verður leyfisveitingargjald ekki innheimt í þessu tilfelli. Í ljósi ofangreids er ekki litið á sem svo að niðurfelling leyfisveitngagjalds sé fordæmisgefandi heldur er um einstakt tilfelli að ræða.



Gunnlaug H. Einarsson

Virðingarfyllst

Davíð Örvar Hansson



Davíð Örvar Hansson